

**86** — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðurumdæminu um endurbætur* á fjallvegum. — Með þessu brjefi samþykkti landshöfðingi, að allt að 1000 kr. af fje því, er veitt hefir verið til vegabóta með 10. gr. C. 6. fjárlaganna, verði lagðar til endurbyggingar á sæluhúsinu við Kolviðarhól undir Hellisskarði, er safnað hafði verið samskotum til, og skoraði landshöfðingi á amtmann að semja við samskotaneftdina um sæluhúsbýggingu þessa, þannig að hún gæti verið fullgjörð fyrir næsta vor. Í annan stað skoraði landshöfðingi á amtmann að láta gjöra áætlun um það, sem þarf að vinna til að gjöra kafla þann af veginum upp í Hellisskarð, er liggur um Svínahraun, vel færar, og þar eptir láta almennt undirboðsþing fara fram á þessari vinnu samkvæmt áætluninni, og að áskildu samþykki landshöfðingja, til þess að þar eptir verði gjört út um það, hve miklu fje verði varið til þessarar vegagjörðar. Þess var getið, að enn væri eigi komnar tillögur frá norður- og austuramtinu um, hverjir vegir hjer á landi skuli vera fjallvegir, og að því yrði að fresta fullnaðarákvörðun um það að sinni.

**87** — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir vesturumdæminu um endurbætur* á fjallvegum. — Með þessu brjefi samþykkti landshöfðingi, að nú þegar á þessu sumri væri byrjað á að gjöra við veginn yfir Holtavörðuheidi, og að til þess yrði varið allt að 1500 kr. af fje því, sem með 10. gr. C. 6. fjárlaganna er veitt til vegabóta.

**88** — *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um dýralækni.* — Ráðgjafinn fyrir Ísland, sem sent hafði verið bönarbrjef, þar sem dýralæknir Snorri Jónsson, er sagt hafði verið upp frá 1. maí þ. á. sýslun sinni sem dýralækni í suðurumdæminu, fer þess á leit, að hann verði skipaður dýralæknir á Íslandi með 1200 kr. árslanum, hafði talið það ísjárvert að taka beiðni þessa til greina, því fremur sem menn á alþingi í fyrra hefðu látið mjög misjafnar skoðanir í ljósi um þetta málefni, og sumir hefðu mælt með því, að skipaður væri einn dýralæknir til að ferðast um landið, aðrir með dýralækni í hverju amti eða hverjum landsfjórðungi, og enn aðrir með dýralækni í hverri sýslu. Þar á móti hafði ráðgjafinn álitit, að ástæða gæti verið til að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um þetta mál, er ætti að fara fram á, að dýralæknir væri skipaður í hverju amti eða hverjum landsfjórðungi með 1000—1200 kr. árslanum auk dagpeninga og ferðakostnaðar eptir nákvæmari ákvörðun hlutaðeigandi amtmanns, og ætti að greiða öll útgjöldin til launa dýralækna og ferða þeirra að hálfu leyti úr landssjóði, en að hálfu leyti úr hlutaðeigandi amtsjafnaðarsjóði, og beiðist nú landshöfðingi áfita amtmanna um þetta mál í heild sinni.

**89** — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um fjárstyrk til jarðabóta.* — Með brjefum frá 21. og 22. þ. m. hefir herra amtmaðurinn eptir að hafa leitað álits amtsráðsins lagt það til, að veittar verði af hluta vesturumdæmisins af 2400 krónum þeim, er með 10. gr. C. 5 fjárlaganna eru ákveðnar til jarðabóta á ári því, er yfir stendur:

α, 120 kr. til að kaupa fyrir vagn með aktygjum handa síra Jakobi Guðmundssyni á Sauðafelli í Dalasýslu sem verðlaun fyrir jarðabætur þær, er hann hefir unnið á nefndri jörð.